

Miðvikudaginn 29. janúar 1992.

Nr. 380/1989. **Protabúi Sigurðar Guðmundssonar**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Þórarni Kópssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Frávísun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Lögvarðir hagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Sigurður Guðmundsson hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s.m. Hefur hann krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá verði stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur þessar voru settar fram í greinargerð 29. september 1990, er Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður lagði fram fyrir Sigurðar hönd.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 10. september 1990 var búið Sigurðar Guðmundssonar tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptastjóri var ráðinn snemma vors 1991 til að fara með búið, og hefur hann tekið við rekstri málsins af þess hálfu. Gerir hann sömu kröfur og fyrr greinir að viðbætti þeirri þrautavarakröfu, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnda með vísan til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að vísa bæri málinu frá Hæstarétti án kröfu vegna þeirrar viðurkenningar, sem krafa stefnda á grundvelli héraðsdóms hafi hlotið við meðferð á protabúinu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um skiptin á protabúi áfrýjanda. Kröfulýsingarfrestur rann út 31. desember 1990, og lýsti lögmaður stefnda í héraði kröfu hans í búið með bréfi 8. nóvember

1990. Lét hann þess ógetið, að héraðsdómi um kröfuna hefði verið áfrýjað. Ekki var ljóst fyrr en eftir fyrsta skiptafund, að eignir væru í búinu. Var skiptastjóri þá ráðinn, og lauk hann 8. apríl 1991 við gerð skrár um lýstar kröfur samkvæmt 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Lagði skiptastjóri þar til, að krafa stefnda yrði viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 3.085.050 krónur. Með bréfi til lögmanns stefnda 9. s.m. tilkynnti skiptastjórinn þessa afstöðu sína til kröfunnar. Ekkert hefur fram komið, er bendi til þess, að réttta aðferða hafi ekki verið gætt við gerð kröfuskrár og kynningu hennar fyrir kröfuhöfum.

Hinn 18. apríl 1991 var haldinn skiptafundur til að taka afstöðu til krafna í búið á grundvelli álitsgerðar skiptastjóra. Voru þar mættir fulltrúar fjögurra kröfuhafa og fyrrnefndur lögmaður þrotamanns, sem búið hafði áfrýjunarmál hans til flutnings fyrir Hæstarétti. Á fundinum var ekki hreyft neinum andmælum við afstöðu skiptastjóra til kröfu stefnda, og mátti krafan þannig teljast samþykkt af hálfu búsins, sbr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Um kröfuna hefur ekkert verið fjallað á síðari skiptafundum í búinu né heldur um mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur skiptastjóri lýst því yfir, að við gerð kröfuskrár hafi sér verið ókunnugt um, að máli þessu hefði verið áfrýjað, og hafi hann frétt af því löngu síðar. Afstaða sín til kröfu stefnda hafi mótast af því, að héraðsdómur væri endanlegur, enda áfrýjunarfrestur liðinn. Geti hún ekki talist bindandi, eins og hér standi á, heldur sé sér rétt að leiða málið til lykta fyrir hönd búsins.

Við gjaldþrot Sigurðar Guðmundssonar tók þrotabú hans við aðild að máli þessu. Taka bar afstöðu til þess við athugun á kröfu stefnda, hvernig bregðast skyldi við áfrýjun málsins. Við umfjöllun á löglegum skiptafundi var krafan samþykkt án fyrirvara af hálfu kröfuhafa í búinu og án athugasemda af hálfu þrotamanns, eins og þegar er fram komið. Telja verður með vísan til ákvæða 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga, að þetta samþykki við kröfunni samrýmist ekki frekari meðferð máls þessa, og hafi búið nú ekki lögvarða hagsmuni af áfrýjun þess. Samkvæmt því ber að vísa málinu frá Hæstarétti *ex officio*.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 24. júní 1988, af Þórarni Kópssyni, nafnnr. 9415-6475, Krosshömrum 1, Reykjavík, gegn Sigurði Guðmundssyni, nafnnr. 7860-3690, Logafold 166, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.079.626 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu fjóra víxla með formlegri heimild sér til handa. Allir eru víxlarnir án afsagnar, en þess ekki getið í stefnu. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að slík vanlýsing leiði til sýknu, og verður þessi málsástæða stefnda því ekki tekin til greina.

Telja verður gegn andmælum stefnanda, að mótmæli þau, er komu fram af hálfu stefnda eftir framlagningu greinargerðar og áður eru rakin, séu of seint fram komin, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og komi því ekki til álita.

Ber því að taka til greina kröfur stefnanda að öllu leyti og dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 214.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnanda, Þórarni Kópssyni, 1.079.626 kr. með 40,8% ársvöxtum frá 18. ágúst 1987 til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1988, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán-

aða fresti, í fyrsta sinn 18. ágúst 1988, og 214.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
